

LÖG
um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og
ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944 (fánatími).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Þjóðfánann skal ekki draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann ekki vera lengur uppi en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis, sbr. þó 2. mgr.

Frá 1. maí til 15. ágúst er heimilt að hafa þjóðfánann uppi allan sólarhringinn.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um fánadaga og um nánari notkun þjóðfánans samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þjóðfáninn skal vera óslitinn og með réttum litum þegar hann er við hún.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 2026.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.